



Stjórnarfundur FÍSOS 14. desember 2020, kl. 11:00 – 12:00

Fundargerð

Staðsetning: Rafrænn fundur

Mætt: Aníta Elefsen (AE), Gunnþóra Halldórsdóttir (GH), Hjörtur Þorbjörnsson (HP), Ingibjörg Áskelsdóttir (IÁ), Jón Allansson (JA), Sigríður Þorgeirsdóttir (SP) og Þóra Sigurbjörnsdóttir (PS).

1. **Umsóknir í safnasjóð 2020 v. 2021.** Sótt verður um fyrir farskóla, safnadeginum og Kvist. IÁ sér um umsóknir og að senda þær inn.
2. **Skipun í safnaráð.** GH hefur settið sem varamaður í safnaráði sl. 4 ár og hefur áhuga á að sitja áfram. Haraldur Þór Egilsson hefur verið hinn fulltrúi FÍSOS sl. 8 ár og má því ekki sitja lengur. Stjórn leggur til Hlyn Hallson safnstjóra á Listasafni Akureyrar. AE mun hafa samband við hann.
3. **Gerðarsafn** – svara beiðni Bjargar Stefánsdóttur. Stjórn setur saman svarbréf til Bjargar í sameiningu.
4. **Safnaráð, ICOM og FÍSOS** – beiðni frá safnaráði að formgera samstarf á milli þessara aðila betur. AE hefur samband við Þóru Björk Ólafsdóttur hjá safnaráði með framhald.
5. **FÍSOS og ICOM** – Stofna nefnd um safnaverðlaun 2022. AE hefur samband við Guðnýju Dóru Gestsdóttur formann ICOM og ræðir framhaldið.
6. **Staða varðveislumála safna á Íslandi** – Eftir þátt Kveiks – taka saman ályktun í janúar og senda á eigendur safna á landinu. Einnig ætla PS að ræða við Sigurð Traustason um kynningu fyrir framboðin á störfum safnanna líkt og gert var 2017.
7. **Heimasíða félagsins.** Er kominn tími til þess að fara yfir síðuna, jafnvel láta hana upp á nýtt? Hún er gamaldags en þjónar ágætlega tilgangi sínum. SP spyrst fyrir um hvað er best að gera meðal tölvufólks.
8. **Ábyrgð á heimasíðu og póstlista félagsins.** Sl. 4 ár hafa IÁ og Helga Maureen Gylfadóttir, fráfarandi formaður, borið ábyrgð á þessu tvennu. Hver á að fara með ábyrgðarhlutann nú?
9. **FB síða félagsins.** Fráfarandi formaður var mjög duglegur við að deila efni frá söfnunum inn á FB síðu félagsins. Það er mikil vinna fyrir einn einstakling. Hvetja frekar söfnin sjálf til þess að deila efni þar inn.
10. **Tengiliður stjórnar við Kvist.** Þ S samþykkir að vera tengiliður við ritstjórn Kvists.
11. **Farskóli 2021 í Stykkishólmi.** Stjórn hefur samband við Hjördísi Pálsdóttur safnstjóra í Norska Húsinu fyrir næsta stjórnarfund. Mikilvægt er að taka frá allt húsnæði og gera ráðstafanir varðandi matarmál snemma. Einnig þarf að athuga með aðra í farskólastjórn, þema ofl.
12. **Næsti stjórnarfundur.** Ákveðið var að næsti stjórnarfundur skyldi vera fimmtudaginn 14. janúar kl. 11. AE boðar til fundarins.

Fundi slitið kl. 12.07